

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1	BSF 401 Stýri og fjöðrun aflstýri Kennsluáætlun vorönn 2015	

Kennari	Haraldur Vilhjálmsson	Sk.st.	HÁV
----------------	-----------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið yfir helstu gerðir vökvastýrisvéla bæði tannstangargerð og snigilgerð. Farið yfir helstu gerðir vökvadæla. Mat á ástandi búnaðar og ástæður bilana. Mældur þrýstingur vökvakerfa. Skipti á slöngum og rörum, endurnýjun vökva og loftæming. Viðgerðir vökvastýrisvéla: mat á sliti húss og íhluta, ventla og þéttinga. Viðgerðir á vökvadælum. Farið yfir fleiri útfærslur af stýrisbúnaði en tveggja hjóla á sama ási (framan). Notkun vélrænna hjólastillitækja við stór ökutæki. Sérstaklega farið yfir vinnubrögð við stýrisbúnað í ökutækjum með loftpúða í stýrishjóli. Áhersla á slysaðu við viðgerðir stýrisbúnaðar og ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

Markmið:

Nemandi þekkir: helstu gerðir vökvastýrisvéla, íhluti þeirra og virkni. Nemandi þekkir virkni fjórhjólástýris og afturhjólastýris.

Nemandi geti: prófað vökvastýrisvélar gert stillingar og minniháttar viðgerðir á þeim í ökutækinu. Tekið vökvastýrisvél úr ökutæki, metið ástand íhluta vökvastýrisvélar og endurnýjað ef við á og sett hana í ökutækið aftur.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1 útgáfa 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

Ljósrit kennara.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsfni lotunnar sem er að læra um gerð og virkni stýrisvéla með hjálparátaki og hvernig staðið er að viðgerðum. Nemendur vinna 2 tímaverkefni í lotunni auk þess að þreyta próf. Til að verkefni gildi til einkunnar verður nemandi að ná að lámaki 5 á lokaprófi.

Verkefni:

2 tímaverkefni. Lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:

Lokapróf 40%. Verkefni 1 20%. Verkefni 2 20%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning:

5.1.2015

Haraldur Vilhjálmsson

Undirritun kennara

Bragi Finnsson

Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils